



**Flókin kapall** Stjórnarmyndun hefur oft verið flókin. Kristján Eldjárn forseti og Benedikt Gröndal, formaður Alþýðuflokksins, ræða hér saman árið 1978. Lúðvík Jósepsson, formaður Alþýðubandalagsins, kemur á fund forseta.

# Engar reglur um veitingu umboðs

● **Sjálfstæðisflokkurinn var stærstur eftir kosningar 2013 en formaður Framsóknarflokks fékk stjórnarmyndunarumboðið**

**Agnes Bragadóttir**  
agnes@mbl.is

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er sennilega manna fróðastur um sögu stjórnarmyndana og veitingu umboða til stjórnarmyndunar á Íslandi, enda hefur hann skrifað lærdár greinar um þetta hugðarefni sitt í fræðimannstíð sinni sem sagnfræðingur. Hann afhenti á miðvikudag Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, umboð til að hefja stjórnarmyndunarviðræður.

Það er engin stjórnarskrárbundin regla um það hver fær umboð forseta Íslands til þess að mynda ríkisstjórn. „Forsetinn ræður því algerlega sjálfur. Það er alveg á hans valdi að velja það,“ sagði Guðmundur Hálfðanarson, prófessor í sagnfræði og forseti hugvísindasviðs Háskóla Íslands, í samtali við mbl.is 12. október sl.

Á Vísindavef Háskóla Íslands er að finna yfirlit um stjórnarmyndanir fyrri ára. Þar er m.a. vísað til þess, að í kjölfar alþingiskosninganna 2013 hafi Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, farið þá leið að kalla alla formenn eða fulltrúa þeirra stjórnálahreyfinga, sem höfðu náð fulltrúum á Alþingi, til sín á stuttan fund í því skyni að fá úr því skoríð hver væri best til þess fallinn að mynda ríkisstjórn. Í kjölfar fundanna ákvað Ólafur að veita Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins, umboðið.

„Forsetinn rökstuddi þá ákvörðun meðal annars með því að Framsóknarflokkurinn hefði unnið stórsigur í kosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn var engu að síður sá flokkur sem hafði fengið flest atkvæði allra flokka en litlu munaði þó og hlutu báðir flokkar jafnmarga þingmenn. Einnig vísaði Ólafur til viðhorfa sem komu fram í viðræðum hans við forystumenn stjórnálahflokka. Þannig beitti Ólafur eigin mati á stjórnálahæðstæðum í stað þess að fara eftir fyrirfram gefnum meginreglum.“

## Föru óðruvísi að

Og síðan segir: „Aðrir forsetar hafa farið óðruvísi að, til dæmis voru Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir þeirrar skoðunar að helst ætti að veita umboðið þeim flokki sem hefði flest atkvæði á bak við sig. Sú skoðun grundvallaðist á þeirri afstöðu að forseti Íslands ætti helst ekki að taka fram fyrir hendur Alþingis. Á sömu forsendum þótti



Morgunblaðið/Golli

**Umboð** Ólafur Ragnar Grímsson forseti veitti Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokks, umboð til stjórnarmyndunar 2013.



Morgunblaðið/Emilía

**Stjórnarmyndun** Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Vigdís Finnbogadóttir forseti á fundi um stjórnarmyndun árið 1983.

heldur ekki við hæfi að mynda utanþingsstjórn nema í ýtrustu neyð.

Kristján Eldjárn var að vísu kominn á fremsta hlunn með að skipa utanþingsstjórn árið 1979 þegar mikil stjórnálahakreppa ríkti á Íslandi. Jóhannes Norðdal seðlabankastjóri átti að vera forsætisráðherra í þeirra stjórn og velja aðra ráðherra í samræði við Kristján. Til þess kom þó ekki þar sem Benedikt Gröndal, Alþýðuflokkur, myndaði minnihlutastjórn að lokum. Svipað var uppi á teningnum ári síðar. Þá höfðu allir formenn stjórnálahflokka sem áttu sæti á þingi fengið stjórnarmyndunarumboð og skilað því aftur þegar Gunnar Thoroddsen, varformaður Sjálfstæðisflokksins, fékk umboðið og myndaði ríkisstjórn með minnihluta sjálfstæðismanna, Framsóknarflokki og Alþýðubandalaginu.

Vigdís Finnbogadóttir var efins um þetta stjórnarmyndunarkerfi vegna þess hve illa gat gengið að mynda stjórn. Hún var þeirrar skoðunar að stjórnálahamenn ættu að geta leyft sér óformlegar þreifingar áður en umboð til stjórnarmyndunar væri veitt. Eftir alþingiskosningar, þegar formenn allra flokka höfðu skilað af sér umboði, lét hún nokkra daga líða án þess að nokkur hefði umboð til stjórnarmyndunarviðræðna til að undirstrika þessa skoðun sína.

Það hefur aðeins einu sinni gerst í sögunni að utanþingsstjórn hafi verið skipuð á Íslandi, en það var árið 1942.

## Óróaskeið

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, segir m.a. í útdrætti með fræðigreini sinni „Stjórnarmyndanir á Íslandi 1971-2007“, frá 2007: „Eftir tólf ára tímabil viðreisnarstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem lauk árið 1971, tók við óróaskeið í íslenskum stjórnálahum. Næstu tvo áratugi voru átta ríkisstjórnir við völd í landinu og stjórnarmyndanir voru nær altaf langar og strangar; tóku að jafnaði einn til tvo mánuði í það minnsta.

Árið 1991 varð hins vegar breyting á. Stjórnarskipti urðu þá hröð, sömuleiðis árið 1999 og næstu tólf ár sátu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur saman í stjórn – jafnlengi og viðreisnarstjórnin á sínum tíma. Stjórnarmyndunarviðræður voru 2007 gengu jafnsnurðulaust fyrir sig og því má jafnvel ætla að verklag við stjórnarskipti hafi breyst til frambúðar. „Stjórnarkreppa“, „stjórnarmyndunarviðræður“ og „stjórnarmyndunarumboð“ eru hugtök sem áður voru á hvers manns vörum eftir kosningar en eru nú nær horfin úr hugum landsmanna.“